

**Nd.** **892. Frumvarp til laga** [329. mál]  
um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Halldór Blöndal, Árni Gunnarsson.

1. gr.  
Orðin „afgreiðsla farartækja“ falli niður úr 4. gr. laganna, f-lið.

2. gr.  
Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Mjög er á reiki af hverju söluskattur er greiddur. Undanþágurnar eru af ýmsu tagi og greinilegt að þar hefur ekki verið gætt samræmis né lagðar heildarlínur. Þetta hefur valdið margvíslegu ranglæti og mismunun.

Í þessu frumvarpi er lagt til að söluskattur skuli ekki greiddur af „afgreiðslu farartækja“. Ástæðan er einfaldlega sú, að framkvæmdin hefur orðið með þeim hætti, að sum flutningsfyrirtæki, eins og Skipaútgerð ríkisins, hafa ekki þurft að greiða söluskatt af sínum rekstri, en hins vegar ýmis flutningsfyrirtæki eða bifreiðastöðvar sem reknar eru sem sameignarfyrirtæki. Þetta er réttlætt með því, að orðin „stöðvargjald“ hefur fest rætur í málinu yfir þær greiðslur sem viðkomandi bifreiðastjórar inna af hendi til þess að standa undir rekstrarkostnaði. Læknar, verkfræðingar, endurskoðendur eða lögfræðingar hafa ekki þurft að greiða sambærileg gjöld þótt rekstrarformið í skilningi skattalaga sé hið sama. Afkáraskapurinn er því líkur, að bókhaldsvinna er söluskattsskyld ef hún fer fram í húsakynnum bifreiðastöðvar eða er unnin af starfsfólki hennar, en hins vegar söluskattsfrjáls ef hún er unnin af endurskoðunar- eða bókhaldsstofu.

Tekjulega skiptir þetta frumvarp engu máli fyrir ríkissjóð. Hér er einungis lagt til að leiðrétta misræmi og ranglæti sem viðgengist hefur í þjóðfélaginu.